



# Öryggisblöð – Flæði upplýsinga í aðfangakeðjunni


- Upplýsingar í öryggisblöðum kunna að tengjast ýmsum reglugerðum
  - Tvær stórar reglugerðir frá Evrópusambandinu skipta þó mestu:
    - Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (**REACH**)
      - Innleidd hér á landi í reglugerð nr. 888/2015
    - Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (**CLP**)
      - Innleidd hér á landi í reglugerð nr. 415/2014
- 

# Öryggisblöð – Flæði upplýsinga í aðfangakeðjunni

- REACH reglugerðin skilgreinir
  - hvenær þarf að afhenda öryggisblöð
  - hvað á að koma fram í öryggisblöðum
  - með hvaða hætti upplýsingar skuli settar fram í öryggisblöðum
- Upplýsingar um flokkun og merkingu skulu vera í samræmi við ákvæði CLP



# Hvenær verða öryggisblöð að vera fyrir hendi?

- Ef varan telst hættuleg
    - Ef efnavara skal vera hættumerkt skv. ákvæðum í CLP telst hún hættuleg
  - Ef einhver innihaldsefni eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum eða eru eitruð (PBT)
  - Ef einhver innihaldsefni eru á gráum lista Efnastofnunar Evrópu yfir efni sem kunna að vera sérstaklega skaðleg heilsu eða umhverfi (e. Candidate List)
- 

# Hvenær ber birgi að afhenda öryggisblöð?

- Birgi ber ekki skylda til að afhenda öryggisblöð með vörum sem eru boðnar eða seldar almenningi **EF** þeim fylgja nægilegar upplýsingar til að notendur geti gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd
- **Til að afhending öryggisblaða sé ekki skylda þurfa hættumerkingar á vörunni sjálfri að veita allar nauðsynlegar upplýsingar**
- Ef dreifandi eða eftirnotandi óskar eftir öryggisblöðum fyrir tiltekna vöru ber birgi að afhenda þau
  - Öryggisblöð sem birgjar afhenda skulu vera á íslensku
  - Aðeins notendur í atvinnustarfsemi teljast eftirnotendur

# Hvar er kröfurnar um form öryggisblaða að finna?

- Kröfur um form öryggisblaða koma fram í II. viðauka við REACH
- Nýjustu útgáfu II. viðauka er að finna í reglugerð (ESB) 2015/830
- Tengill á íslenskan texta 2015/830 á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

[Umhverfisstofnun > Reglugerðir > Efni og efnavörur > Öryggisblöð > II. viðauki í REACH](#)

# Hvar er hægt að fá aðstoð?

- Umhverfisstofnun
    - Þjónustuborð vegna REACH og CLP
    - Sérfræðingar veita aðstoð með gildandi reglur, hvar þær er að finna og að hverju þarf helst að huga
    - Starfsfólk stofnunarinnar vinnur ekki öryggisblöð fyrir viðskiptavinum eða vottar að þau séu fullnægjandi - ábyrgðin er hjá iðnaðinum/atvinnulífinu
  - Ráðgjafafyrirtæki, t.a.m. verkfræðistofur
    - Taka að sér gerð og/eða þýðingu öryggisblaða og hættumerkinga
- 